

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 75/2007**

**frá 6. júlí 2007**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2006 frá 8. desember 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/335/EB frá 8. maí 2006 um að veita Lýðveldinu Póllandi leyfi til að banna á yfirráðasvæði sínu notkun sextán erfðabreyttra maísyrkja, með erfðabreytingunni MON 810, sem eru í sameiginlegri skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/53/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/338/EB frá 8. maí 2006 um að veita Lýðveldinu Póllandi leyfi til að banna á yfirráðasvæði sínu notkun tiltekinna maísyrkja sem eru í sameiginlegri skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/53/EB <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/124/EB frá 5. desember 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/33/EBE um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu **fræi**, og tilskipun ráðsins 2002/55/EB um markaðssetningu grænmetisfræs <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/127/EB frá 7. desember 2006 um breytingu á tilskipun 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/934/EB frá 14. desember 2006 um að halda áfram á árinu 2007 samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins, sem hófust árið 2005, á fræi og fjölgunarefni *Asparagus officinalis* L. samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/55/EB <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/66/EB frá 18. desember 2006 um tímabundna tilraun varðandi **aukningu á hámarksþyngd** vörueiningar fræs tiltekinna fódurjurta samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE <sup>(7)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 9, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 124, 11.5.2006, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 125, 12.5.2006, bls. 31.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 12.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 343, 8.12.2006, bls. 82.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 355, 15.12.2006, bls. 104.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 161.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

### 1. gr.

III. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (tilskipun ráðsins 2002/55/EB) í 1. hluta:  
„– **32006 L 0124**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/124/EB frá 5. desember 2006 (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 12).“
2. Eftirfarandi bætist við í 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB) í 1. hluta:  
„, eins og henni var breytt með:  
– **32006 L 0127**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/127/EB frá 7. desember 2006 (Stjtíð. ESB L 343, 8.12.2006, bls. 82).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 46. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/47/EB) í 2. hluta:  
„47. **32006 D 0335**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/335/EB frá 8. maí 2006 um að veita Lýðveldinu Póllandi leyfi til að banna á yfirráðasvæði sínu notkun sextán erfðabreyttra maísyrkja, með erfðabreytingunni MON 810, sem eru í sameiginlegri skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/53/EB (Stjtíð. ESB L 124, 11.5.2006, bls. 26).  
48. **32006 D 0338**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/338/EB frá 8. maí 2006 um að veita Lýðveldinu Póllandi leyfi til að banna á yfirráðasvæði sínu notkun tiltekinna maísyrkja sem eru í sameiginlegri skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/53/EB (Stjtíð. ESB L 125, 12.5.2006, bls. 31).  
49. **32006 D 0934**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/934/EB frá 14. desember 2006 um að halda áfram á árinu 2007 samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins, sem hófust árið 2005, á fræi og fjölgunarefni *Asparagus officinalis* L. samkvæmt tilskipun ráðsins 2002/55/EB (Stjtíð. ESB L 355, 15.12.2006, bls. 104).  
50. **32007 D 0066**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/66/EB frá 18. desember 2006 um tímabundna tilraun varðandi aukningu á hámarksþyngd vörueiningar fræs tiltekinna fóðurjurta samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE (Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 161).“

### 2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/124/EB og 2006/127/EB og ákvarðana 2006/335/EB, 2006/338/EB, 2006/934/EB og 2007/66/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. júlí 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.